# Leðurblakan (Die Fledermaus)

**eftir Johann Strauss**

**Strohgäu Sinfonieorchester frá Þýskalandi**
**og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:**
**Tónleikauppfærsla í**
**Langholtskirkju þriðjudaginn 30. maí kl. 20:00**
**og Reykholtskirkju föstudaginn 2. júní kl. 20:00**

**Stjórnendur: Jasper Lecon og Oliver Kentish**
**Sögumaður: Steinunn Sigurðardóttir**
**Handrit og leikstjórn: Rosalie Suys**
**Einsöngvarar: Steinunn Sigurðardóttir, Helena Donie,**
**Ferdinand Dehner, Jean Philipp Chey og Ruicheng Yin**



**Verð aðgöngumiða við inngangin er 3000 kr. Afsláttarverð 2000 kr. fyrir nemendur og eldri borgara. Greiða má inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469.**

**Þessir tónleikar eru helgaðir minningu Garðars Cortes** sem lést 14. maí síðastliðinn. Garðar átti frumkvæði að stofnun áhugamannahljómsveitar í Reykjavík 1975 sem var eins konar forboði Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna. Garðar sá fyrir sér að hægt væri að uppfæra óperur og söngleiki með samvinnu við hljómsveit áhugamanna. Það er einmitt í þeim anda sem tónleikarnir í dag eru haldnir. Tvær hljómsveitir áhugamanna frá tveimur löndum leiða saman hesta sína og flytja tónlist úr óperettu.

## Um efnisskrána

**Leðurblakan** eftir Johann Strauss er ein af þekktustu svokölluðum Vínaróperettum, sem samdar voru um og fyrir aldamótin 1900 í Mið-Evrópu og hafa verið vinsælar allt fram á þennan dag. Söguþráður þessara söngleikja er oftast nokkuð yfirborðskenndur, persónur eru gjarnan aðalsfólk, viðfangsefnið úr samkvæmislífinu, fólk í dulargervi, ástir og misskilningur. Það er fyrst og fremst tónlistin sem heldur við vinsældum verkanna, enda full af tilfinningum, lífi og fallegum laglínum.

**Sögusvið** Leðurblökunnar er Vínarborg á seinni hluta nítjándu aldar. Aðalsögupersónan er Rosalinde von Eisenstein og hverfist sagan um hana, mann hennar, Gabriel von Eisenstein, Alfred sem ekki varð maðurinn hennar, Orlofsky prins sem sér um samkvæmislífið, og Dr. Falke, gamla vininn. Í þeirri gerð verksins sem hér er sett fram, segir Rosalinde söguna frá sínum sjónarhóli og leiðir hlustendur í gegnum hinn flókna söguþráð.

Þessa leikgerð óperettunnar gerði **Rosalie Suys** og sá hún einnig um leikstjórn. Hún á að baki langan feril í tónlist, lærði á fagott í Frankfurt, Darmstadt og Karlsruhe, og tók þátt í óperuuppfærslum í Staatstheater Darmstadt og Kammeroper Frankfurt. Hún hefur einnig komið víða við sögu í óperuuppfærslum sem leikstjóri og aðstoðarleikstjóri. Hún starfar um þessar mundir í stjórnsýslu Tónlistarháskólans í Karlsruhe.

**Strohgäu Sinfonieorchester** (https://www.strohgaeu-sinfonieorchester.de/) frá Schwieberdingen í Þýskalandi er skipuð áhugafólki og rekur sögu sína allt aftur til ársins 1950. Í sveitinni voru upphaflega 14 félagar, en þeim fjölgaði ört og sveitin hefur síðustu áratugina verið fullskipuð sinfóníuhljómsveit. Félagarnir búa flestir og starfa í Stuttgart og nágrenni og hljómsveitin heldur flesta tónleika sína í bæjum og hverfum þar um slóðir. **Jasper Lecon** hefur verið aðalstjórnandi hljómsveitarinnar síðan 2019. Hann lauk námi í tónlistarkennslu í Tónlistarháskólanum í Karlsruhe og lagði auk þess stund á nám í hljómsveitarstjórn við Listaháskólann í Mannheim. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Jasper aflað sér umtalsverðrar reynslu í flutningi margs konar tónlistar, allt frá óperum til nútímatónlistar. Hann hefur unnið til verðlauna í stjórnendakeppnum kenndum við Koussevitzky og Nino Rota. Einnig hefur hann stjórnað þar sem leitað er nýrra leiða við uppfærslur á óperum Mozarts, Puccinis og Brittens. Nýlega hefur hann stjórnað þekktum hljómsveitum í Evrópu, svo sem Orquestra Sinfonica do Porto Casa da Musica, Staatstheater Kassel, Deutsche Staatsphilharmonie Rheinland-Pfalz, Ensemble Modern, Staatskapelle Weimar, Basel Sinfonietta og Orchester des Pfalztheaters Kaiserslautern. Um þessar mundir kennir Jasper við Kennaraháskólann í Heidelberg og Listaháskólann í Mannheim.

**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** (ahugasinfonia.is) hefur starfað óslitið síðan 1990 og heldur að jafnaði um 5 tónleika á ári. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns en alls hafa vel á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit.

Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu 17 árin er **Oliver Kentish**. Hann fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívegis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Oliver hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.

**Steinunn Sigurðardóttir**, borin og barnfædd á Íslandi, hóf tónlistarnám sitt í Tónlistarskóla Garðabæjar, hjá Guðrúnu Jóhönnu Jónsdóttur. Síðan lá leiðin til Þýskalands þar sem við tók söngnám við Tónlistarháskólann í Karlsruhe hjá prófessor Ingrid Haubold. Frekara nám stundaði hún við Tónlistarháskólann í Würzburg hjá prófessor Cheryl Studer. Í meistaranámi lá leiðin aftur til Karlsruhe þar sem hún lærði hjá Christian Elsner og Friedemann Röhlig, og lauk þar námi 2022. Steinunn hefur á námsárum sínum kynnst mörgum helstu hlutverkum óperubókmenntanna, svo sem Mimi í La Bohéme, barónessunni í La Vera Costanza eftir Haydn, móðurinni í Hans og Grétu eftir Humperdinck, Governess í The Turn of the Screw eftir Britten, og greifafrúnni í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart. Síðastliðið sumar kom Steinunn fram í Badische Staatstheater í hlutverki Sacerdotessa í Aídu eftir Verdi og syngur um þessar mundir hlutverk Margot í óperettunni Kátu ekkjunni eftir Lehár. Á tónleikunum í dag syngur hún hlutverk Rosalinde, stærsta hlutverk Leðurblökunnar. Auk þess gegnir hún hlutverki sögumanns.

**Helena Donie** syngur hér hlutverk Orlofskys prins. Hún hóf söngnám þegar á barnsaldri, bæði á heimaslóð í Rheingau og sem skiptinemi á Ítalíu. Síðar tók við söngnám hjá prófessor Ingrid Haubold við Tónlistarháskólann í Karlsruhe. Meistaranámi lauk hún 2021. Helena hefur tekið þátt í fjölmörgum námskeiðum hjá nafntoguðum kennurum, s.s. Barbara Frittoli, Stephan Herheim, Dan Ettinger, Helmut Rilling, Hans-Chritian Rademann og Elly Ameling. Snemma á ferlinum uppgötvaði hún ástríðu sína fyrir söngleikjum og óperettum og hefur lagt áherslu á þá tegund tónlistar umfram annað. Fyrsta óperuhlutverkið var Orlofsky í Leðurblökunni í uppfærslu 2018 í Tónlistarháskólanum í Karlsruhe, hlutverkið sem hún syngur hér á tónleikunum. Á eftir fylgdu hlutverk, svo sem Cherubino í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, Mrs Grose í óperu Brittens, „The turn of the screw“ og aðalhlutverkið í annarri óperu hans, „The Rape of Lucrezia“. Um þessar mundir syngur hún hlutverk í ævintýraóperu Engelbert Humperdincks „Hans og Gréta“ í Ríkisleikhúsinu í Karlsruhe.

**Ferdinand Dehner,** sem syngur hlutverk Alfreds, lauk grunnnámi sínu í söng frá Listaháskólanum í Mannheim 2021. Kennari hans var prófessor Stefanie Krahnenfeld. Ferdinand stundar framhaldsnám í óperusöng við Tónlistarháskólann í Karlsruhe undir leiðsögn Christiane Libor og Stefan Klemm. Meðal helstu áhrifavalda sína telur hann Rainer Trost, Axel Bauni og Hartmut Höll. Ferdinand hefur tekið þátt í uppfærslum á Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart, einnig í yfir 40 sýningum á verki eftir Terrence McNally sem var uppfært við Zimmertheater Heidelberg. Hann hefur einnig verið virkur sem kórstjórnandi og í skipulagi tónlistarhátíðarinnar „Heidelberger Frühling".

**Jean Philipp Chey**, sem syngur hlutverk Gabriels von Eisensteins, hóf tónlistarferil sinn á barnsaldri í hinum fræga Thomanerkór í Leipzig. Þar fór hann í gegnum alla raddhópa kórsins. Formlegt söngnám hóf hann síðan hjá prófessor Frank Wörner við Tónlistarháskólann í Saar þar sem hann um þessar mundir stundar nám hjá prófessor Tanja Ponten-Stöbel. Hann hefur þegar fengið tækifæri í námi sínu til að auka við reynslu sína sem einsöngvari í verkum eins og Jóhannesarpassíu Bachs og hlutverk Alberts Herrings í samnefndri óperu eftir Benjamin Britten. Einnig kom hann fram í hlutverki Alberto Caeiro í frumsýningu á óperu eftir P. von Eckehard Mayer í Rheinsberger Schlosstheater. Hlutverkið hlaut hann sem verðlaun árið 2022 í 31. alþjóðlegu söngkeppninni sem kennd er við Kammeroper Schloss Rheinsberg.

**Ruicheng Yin** syngur hlutverk Dr. Falke. Hann hóf söngnám hjá Snezana Stamenkovic og Reube Willcox. Árið 2021 vann hann fyrsta sæti í óperuhópi og sérstök verðlaun fyrir ljóðasöng í 55. alþjóðlegri söngkeppni sem kennd er við Antonin Dvorák í Karlovy Vary. Sama ár söng hann í óperukór í uppfærslu á Carmen í Weikersheim. Síðan hefur hann stundað tónlistarnám við listaháskólann í Mannheim hjá prófessor Timothy Sharp. Árið 2022 sótti Ruicheng Yin masterclass hjá prófessor Rudolf Piernay og hefur á þessu ári sótt tíma hjá Nikola Diskic.

**Hljómsveitina skipa:**

**Konsertmeistarar:** Adelheid Abt og Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

**1. fiðla**
Adelheid Abt
Helga R. Óskarsdóttir
Elisabeth Weiler
Jónína Þ. Thorarensen
Wolfgang Denk
Vera Steinsen
Nina Gummert
Jelena Kuzminova
Melanie Weigelt

**2. fiðla**
Hannah Armbruster
Ágústa María Jónsdóttir
Birgit Weyland-Mayer
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Inge Blaich
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Sinje Barteldres
Helga Andrésdóttir
Aleta Neugebauer
Runólfur Jóhannsson
Louisa Grigoli
Auðbjörg Ingvarsdóttir

**Víóla**
Marion Moll
Páll Ingvarsson
Christoph Lauer
Súsanna Friðriksdóttir
Barbara Großmann

**Selló**
Judith Hauschild
Yana Prykhodko
Ulrike Schaaf
Andreas Löw
Anja Müller
Sybille Ditlevsen
Manuela Niesner
Páll Einarsson

**Bassi**
Knittel Thomas
Kjartan Guðnason

**Flauta**
Annette Gottschick
Franziska Preissing

**Óbó**
Barbara Körber
Guðrún Másdóttir
Christine Schumann
Sverrir Guðmundsson

**Klarinett**
Mechthild Fabri
Konstantin Nafz
Jose Boaventura

**Fagott**
Antje Ulshöfer
Thilo Kubasch
Kaho Terazono

**Horn**
Claudius Burg
Torfi Þór Gunnarsson
Selim Hauschild
Jón Hákon Richter
Rolf Elsässer
Katrin Grüdl

**Trompet**
Tobias Becher
Steinar Matthías Kristinsson

**Básúnur**
Michael Engelhardt
Johannes Grüdl
Oskar Berndt
Heiko Schmidt - Bassabásúna

**Pákur**
Árni Áskelsson

**Slagverk**
Friðrik Rafn Ólafsson

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakkar Seltjarnarneskirkju fyrir ómetanlegan stuðning.
Tónskóli Sigursveins veitti mikilvægan stuðning við þetta verkefni.

Litróf – Vistvæn prentsmiðja